

## Áskoranir fyrir skóla og kirkju

### Trúarbragðafræði í nýrri námskrá grunnskóla

#### Inngangur

Kristinfræði- og trúarbragðafræðikennsla í grunnskólum hefur verið nokkuð til umræðu að undanfögnu, oft í tengslum við umræður um samstarf eða samskipti skóla og trúfélaga. Margir hafa lýst áhyggjum sínum af því að þessari fræðslu sé ekki nógu vel sinnt eða að hún hafi orðið hornreka í mörgum skólum. Vissulega má sjá ýmsar vísbendingar í þá veru að skólar standi sig ekki sem skyldi í þessum efnum þótt hitt sé líka ljóst að víða er vel að þessari fræðslu staðið. Sumir sem tjá sig um þessi mál hafa sérstakar áhyggjur af kristinfræðinni og benda á minnkandi biblíuþekkingu ungs fólk. Í því sambandi má velta fyrir sér hver þróun trúarbragðafræðslunnar í grunnskólum hefur verið á undanföngum áratugum og hvort skýringuna sé að finna þar. Einnig má velta fyrir sér hver hlutur heimila og kirkju er í þessum efnum. Þótt skólinn sé mikilvægur er hann þrátt fyrir allt ekki eini vettvangurinn þar sem börn læra um trúarbrögð og lífsviðhorf.

Á sl. ári kom út ný námskrá fyrir greinasvið grunnskólans. Þar á meðal er námskrá í samfélagsgreinum. Sú námskrá felur í sér verulegar breytingar á stöðu trúarbragðafræðslu í grunnskólum þar sem hún er nú ekki lengur með eigin námskrá heldur er hún hluti samfélagsgreinasviðs. Þegar námskráin er skoðuð kemur í ljós að samfélagsgreinasviðið er orðið mjög umfangsmikið en það saman stendur nú af landafræði, sögu, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismálum, heimspeki og siðfræði.<sup>1</sup> Þetta víðfedma svið fær síðan einungis 11,46% af heildarstundafjölda grunnskólans samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.<sup>2</sup> Því er eðlilegt að spyrja þeirrar spurningar hvort sá tími nægi til að sinna öllum viðfangsefnum þessara greina og hvort sú hættu sé ekki fyrir hendi að mikilvæg viðfangsefni eða jafnvel heilu greinarnar verði útundan þegar á reynir í knöppum tímafjölda. Þar gætu greinar eins og lífsleikni og trúarbragðafræði staðið veikt. Aldís Ingvadóttir, ritstjóri námsefnis í lífsleikni hjá Námsgagnastofnun, bendir t.d. á að ummæli nokkurra þátttakenda í rannsókn hennar á lífsleiknikennslu geti bent til að ekki sé allt sem skyldi, „kennslan í skötulíki“ eða „lífsleiknitímarnir oft hálfgerðar ruslakistur“.<sup>3</sup> Ekki er til sambærileg nýleg rannsókn á kristinfræði- eða trúarbragðafræðikennslu í grunnskólum, en í rúmlega tuttugu ára gamalli könnun Auðar Pálsdóttur og Ragnheiðar Matthíasdóttur, í tengslum við B.Ed. verkefni frá Kennaraháskóla Íslands, kom fram að þegar kennarar lentu í tímaþröng með viðfangsefni annarra námsgreina virtist töluvert um að kristinfræðitímarnir væru notaðir í aðrar námsgreinar.<sup>4</sup> Þá komst Ingvar Sigurgeirsson að

<sup>1</sup> Aðalnámskrá *grunnskóla, greinasvið*, Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 194–207.

<sup>2</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti*, Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 49.

<sup>3</sup> Aldís Ingvadóttir, „Ruslakista eða raunhæf menntun? Viðhorf skólastjórnenda og kennara til lífsleikni í grunnskólum“, *Netla — Vefstímarit um uppeldi og menntun* 2010. Sótt 27. janúar 2014 af <http://netla.hi.is/greinar/2010/011/index.htm>.

<sup>4</sup> Auður Pálsdóttur og Ragnheiður Matthíasdóttur, *Könnun á kennslu í kristnum fræðum*, ópr. B.Ed.-ritgerð Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands, 1993, bls. 11–13.

Því fáeinum árum áður, í tengslum við rannsókn á viðhorfum kennara til nýs námsefnis, að í sumum skólum væru kristin fræði varla á dagskrá.<sup>5</sup> Þótt hér sé þörf á nýjum rannsóknum geta þetta verið vísbendingar um að greinar innan samfélagsgreinasviðsins, sem einhverra hluta vegna standa veikt, geti orðið útundan þegar kemur að því að kenna yfirgripsmikið efni sviðsins í grunnskólum landsins. Hér hlýtur þó áhugi og vilji skólastjórnenda og kennara að ráða miklu um hvernig ólíkum greinum og viðfangsefnum samfélagsgreinasviðsins verður skipað í skólanámskrám einstakra skóla.

Á hinn bóginn má benda á að sameining allra greina samfélagsgreinasviðsins í eina námskrá felur í sér áskoranir um að flétta saman margvísleg viðfangsefni þessara greina. Í þeim efnum bjóðast ýmsir möguleikar en um leið er ljóst að það er ekki sama hvernig það er gert. Forsendur kennara eru ólíkar og menntun þeirra og sérhæfing margvísleg. Það hefur áhrif á hvernig þeir nálgast viðfangsefnið. Stefnumörkun einstakra skóla sem birtist í skólanámskrám þeirra skiptir einnig máli. Það mun því hafa veruleg áhrif á trúarbragðafræðsluna hvernig henni verður skipað í skólanámskrám og síðan í framkvæmd í einstökum skólum.

Í þessari grein verður athyglinni beint sérstaklega að trúarbragðafræðipætti nýrrar námskrár í samfélagsgreinum. Leitað verður svara við spurningunum hvaða áskoranir, hættur og möguleikar felast í því að trúarbragðafræðslan er nú orðin hluti af námskrá í samfélagsgreinum, bæði fyrir skóla og kirkju. Til að setja hlutina í samhengi verður hugað að þróun námsgreinarinnar kristinfræði/trúarbragðafræði samkvæmt námskrám grunnskóla sl. 50 ár, hvaða breytingar hafa átt sér stað á undanförunum árum og hvaða áherslur eru lagðar í nýrri námskrá. Ræddar verða áskoranir og möguleikar trúarbragðafræðslunnar í ljósi fræðilegrar umræðu í nágrannalöndum og hugað að rökum fyrir hlutverki þessarar greinar og mikilvægi vandaðrar trúarbragðakennslu á tímum fjölmenningar og margbreytileika. Loks verður vikið að hlutverki þjóðkirkju og annarra trúfélaga í trúarbragðafræðslunni.

## **Þróun kristinna fræða og trúarbragðafræða**

Þegar horft er 50 ár aftur í tímann og þróunin á námskrá í kristnum fræðum og trúarbragðafræðum er skoðuð kemur í ljós að miklar breytingar hafa átt sér stað á þessu tímabili. Fram að setningu grunnskólalaga árið 1974 er einungis talað um kristindómsfræðslu í skólum. Í námskrá frá 1960 segir að kristindómsfræðslan eigi að veita nemendum þekkingu á aðalefni ritningarinnar, fræða þá um líf, kenningu og starf Jesú, efla þroska þeirra með fræðslu um lífsskoðun og siðfræði kristinnar trúar. Þeir skuli jafnframt læra nokkra valda sálma og ritningargreinar og vita deili á helstu viðburðum kirkjusögunnar. Í athugasemdum er talað um að kennslan í kristnum fræðum eigi að vera börnunum undirstaða undir trú þeirra og siðgæði ævilangt. Jafnframt að taka verði tillit til að nemendur koma frá heimilum þar sem skoðanir eru skiptar í kristindómsmálum.<sup>6</sup> Hér vekur tvennt athygli. Annars vegar að fræðslan eigi að vera undirstaða undir trú nemenda og siðgæði, sem felur í sér að skólanum var ætlað að vera mótandi í trúar- og siðgæðisuppeldi nemenda. Ljóst er að ákvæði af því tagi fengi vart staðist í dag, ef marka má álit sem gert var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið í kjölfar máls Folgerø o.fl.

<sup>5</sup> Ingvar Sigurgeirsson, *Viðhorf kennara til nýs námsefnis: rannsókn: námsgögn á Íslandi*, Reykjavík: Bráðabirgðaskýrsla, tekin saman að beiðni námsgagnastjóra, 1988, bls. 27.

<sup>6</sup> *Námskrá fyrir nemendur á fræðsluskylduvaldi*, Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 1960, bls. 61–62.

fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu gegn norska ríkinu, um áhrif þess máls á íslenskt lagaumhverfi og framkvæmd. Þar eru settar fram leiðbeiningar sem fela m.a. í sér að í opinberum skólum sé innræting skoðana óheimil og að gætt sé að sjónarmiðum hlutlægni, gagnrýni og fjölhyggju við skipulag náms og kennslu.<sup>7</sup>

Hitt atriðið sem vekur athygli í athugasemdunum með námskránni frá 1960 er að tekið skuli tillit til þess að skoðanir séu skiptar í kristindómsmálum, sem beinir athyglinni að einhvers konar fjölhyggju, þótt hún sé eingöngu bundin við mismunandi skilning á kristninni. Hér er því á ferðinni viðleitni til að taka tillit til réttinda þeirra sem ekki aðhyllast sjónarmið meirihlutans. Á þessum árum byggðist kennslan á biblíusögum, einkum í 10, 11 og 12 ára bekk, og kirkjusögu í 1. bekk gagnfræðaskóla (13 ára).

Námsefnið sem notað var voru *Biblíusögur fyrir barnaskóla*, eftir Steingrím Benediktsson og Þórð Kristjánsson, sem Ríkisútgáfa námsbóka gaf út í tveim heftum árið 1960, og *Kristnisaga*, eftir Jónas Gíslason sem kom út sama ár. Ekkert námsefni á þessu sviði var til fyrir yngstu bekki barnaskólans fyrr en bækur Sigurðar Pálssonar, *Jesús og börnin* og *Góði hirðirinn*, komu út á vegum Ríkisútgáfu námsbóka á árunum 1972–1973.<sup>8</sup>

Með grunnskólalögunum árið 1974 var fyrst farið að tala um fræðslu um önnur trúarbrögð en kristni. Í frumvarpi til laganna árið 1971 var reyndar eingöngu talað um uppfræðslu í trúarbrögðum og almennri siðfræði,<sup>9</sup> en það breyttist í meðförum Alþingis þannig að í lögunum er talað um kennslu í kristnum fræðum, siðfræði og fræðslu um önnur helstu trúarbrögð.<sup>10</sup> Í grunnskólalögunum frá 1995 eru einungis gerðar orðalagsbreytingar og talað um kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði sem eitt af þeim sviðum sem setja skuli ákvæði um varðandi inntak og skipulag náms í aðalnámskrá.<sup>11</sup> Í núgildandi grunnskólalögunum er aftur á móti gerð sú breyting að tala einungis um trúarbragðafræði.<sup>12</sup>

Frá því að grunnskólalögin 1974 tóku gildi og fram að setningu nýrra grunnskólalaga árið 2008 voru gefnar út sjálfstæðar námskrár í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræði.<sup>13</sup> Þrátt fyrir að ekki sé um að ræða játningabundna fræðslu, skipuðu kristin fræði öndvegi í þessum námskrám þótt jafnframt væri gert ráð fyrir fræðslu um önnur helstu trúarbrögð heims. Í námskránum var því tekið tillit til þess hvaða trúarbrögð hafa verið ráðandi í mótun menningar og samfélags á Íslandi og þannig færð menningarleg og samfélagsleg rök fyrir þessari skipan mála. Það þótti með öðrum orðum eðlilegt að verja mestum tíma í fræðslu um þau trúarbrögð sem eru ríkjandi í samfélaginu, þ.e. kristni. Þrátt fyrir þetta sést hvernig áherslan á fræðslu um önnur trúarbrögð fór vaxandi með hverri nýrri námskrá. Í námskránni árið 1976 var fræðsla um önnur trúarbrögð einungis á unglingsstigi en eftir það á öllum skólastigum. Í endurskoðaðri útgáfu á Aðalnámskránni

<sup>7</sup> Sjá nánar Dóra Guðmundsdóttir, *Trúarbragðafræðsla í leik- og grunnskólum í ljósi 2. gr. 1. samningsviðauka Mannréttindasáttmála Evrópu. Álit unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið*, 2010, 13. október 2010. Sótt 4. febrúar 2014 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Truarbragdafraedsla-i-leik-og-grunnskolum2010.pdf>.

<sup>8</sup> Sjá nánar Sigurður Pálsson, *Kirkja og skóli á 20. öld: staða og þróun kennslu í kristnum fræðum og trúarbragðafræðum á Íslandi með samanburði við Danmörku, Noreg og Svíþjóð*, doktorsritgerð í menntunarfræði, Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands, 2008, bls. 169–173.

<sup>9</sup> *Frumvarp til laga um grunnskóla*. Alþingistíðindi A-deild 1970–1971, þskj 307.

<sup>10</sup> Lög um grunnskóla nr. 63/1974.

<sup>11</sup> Lög um grunnskóla nr. 66/1995.

<sup>12</sup> Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

<sup>13</sup> Sjá *Aðalnámskrá grunnskóla, kristin fræði*, Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 1976; *Aðalnámskrá grunnskóla*, Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 1989, bls. 75–87; *Aðalnámskrá grunnskóla, kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði*, Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 1999.

frá 1999 sem gefin var út árið 2007 er áherslan á fræðslu um helstu trúarbrögð heims aukin enn frekar í ljósi breyttra þjóðfélagsaðstæðna og vaxandi fjölmenningar.<sup>14</sup>

Sigurður Pálsson bendir á að námskráin 1976 hafi markað tímamót í kristindóms- og trúarbragðafræðslu hér á landi. Í fyrsta skipti voru fræðslunni sett ítarleg markmið sem kölluðu á breytt innihald greinarinnar og fræðsla um önnur trúarbrögð en kristni varð í fyrsta skipti viðfangsefni í skyldunámsskólum. Rökin fyrir greininni voru fyrst og fremst menningarleg, samfélagsleg og uppeldisfræðileg.<sup>15</sup> Samkæmt námskránni er meginefnið biblíusögur, líf og kenning Jesú Krists, siðfræði og kirkjusaga í yngri bekkjum, en á unglíngastigi var gert ráð fyrir fræðslu um önnur helstu trúarbrögð, ásamt kirkjusögu og biblíufræðum, siðfræði og kristinni trúfræði.<sup>16</sup> Í kjölfar námskrárinnar var farið að huga að útgáfu nýs námsefnis og varð niðurstaðan sú að þýða og staðfæra norskt námsefni eftir Liv Södal Alvsen, Per K. Bakken og Vesla Jørgensen, sem kom út í sex heftum (*Lífið, Ljósið, Vegurinn, Heimurinn, Kirkjan, Krossinn*) á níunda áratug síðustu aldar. Um var að ræða ítarlegt námsefni og spurning hvort það hafi reynst of viðamikilið og metnaðarfullt fyrir aðstæður hér á landi, en á þessum árum var tímafjöldi í námsgreininni samkvæmt viðmiðunarstundaskrá ein stund á viku í yngstu bekkjum, tvær á miðstigi og ein á unglíngastigi. Skoðanir kennara á námsefninu voru einnig mjög skiptar.<sup>17</sup>

Námsgreinin var í reynd lítið sem ekkert kennd í síðustu tveim bekkjum unglíngastigsins og erfiðlega gekk að koma nýju námsefni handa unglíngastiginu inn í skólana. Í fyrsta bekk unglíngastigsins var þó smám saman farið að kenna tilraunahefti um nokkur trúarbrögð (*Gyðingdómur, Islam, Hindúasiður og Búddhadómur*), eftir Gunnar J. Gunnarsson, sem komu út á árunum upp úr 1980. Einnig var eitthvað um að námsbókin *Siðfræði — Leskaflar í kristilegri siðfræði*, eftir Björn Björnsson, Höllu Jónsdóttur, Ólaf Jóhannsson og Pál Skúlason, væri kennd á unglíngastiginu og eins bókin *Orðið*, eftir Sigurð Pálsson, sem hafði að geyma kynningu á Biblíunni sem ritsafni. Námsefni í kristinni trúfræði handa efsta bekk grunnskólans var aldrei gefið út.<sup>18</sup>

Í næstu námskrá, 1989, voru efnislegar áherslur svipaðar og í námskránni frá 1976. Helstu viðfangsefni voru þó tilgreind þematískt og voru meginþemun níu talsins, þ.e. guðsmynd og sköpunartrú, Jesús Kristur, maðurinn og trúin, Biblían, kirkja og kristnif líf í heimabyggð, kirkjan í rás aldanna, þú og ég, fjölskylda og samfélag, önnur trúarbrögð og lífsskoðanir. Efnisþættirnir voru síðan útfærðir fyrir hvert skólastig, þ.e. yngsta stig, miðstig og unglíngastig, og nú var gert ráð fyrir fræðslu um önnur trúarbrögð á öllum skólastigum.<sup>19</sup> Enn var hugað að nýju námsefni og á árunum 1994–2001 voru gefnar út námsbækur í kristnum fræðum eftir Sigurð Pálsson og Iðunni Steinsdóttur, ein fyrir hvert námsár í 1.–7. bekk (*Undrið, Regnboginn, Stjarnan, Birtan, Brauð lífsins, Ljós heimsins, Upprisan og lífið*). Þar var m.a. lögð mikil áhersla á biblíusögur. Jafnframt var gefið út endurskoðað námsefni Gunnars J. Gunnarssonar í trúarbragðafræðum handa unglíngastiginu í bókinni *Maðurinn og trúin*.<sup>20</sup> Ekkert bólaði á námsefni um önnur trúarbrögð en kristni handa yngri

<sup>14</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði*, Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 2007. Sótt 31. janúar 2014 af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=D8894CF3ED04E703002576F00058DC11&action=openDocument>.

<sup>15</sup> Sigurður Pálsson, *Kirkja og skóli á 20. öld*, bls. 225.

<sup>16</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, kristin fræði*, 1976, bls. 9–31.

<sup>17</sup> Ingvar Sigurgeirsson, *Viðhorf kennara til nýs námsefnis*, bls. 27–29.

<sup>18</sup> Sjá nánar Sigurður Pálsson, *Kirkja og skóli á 20. öld*, bls. 220–230.

<sup>19</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla*, 1989, bls. 75–87.

<sup>20</sup> Sjá nánar Sigurður Pálsson, *Kirkja og skóli á 20. öld*, bls. 234–238.

skólastigunum þótt námskráin gerði ráð fyrir því. Tímafjöldi greinarinnar í viðmiðunar-  
stundaskrá var sá sami og áður.

Ljóst er að námskrárnar 1976 og 1989 eru metnaðarfullar og efnislegt inntak greinarinnar orðið töluvert umfangsmeira en það var fyrir setningu grunnskólalaganna 1974, þegar kennslan byggðist aðallega á biblíusögum og kirkjusögu. Eftir á má spyrja hvort námskrárnar hafi verið of metnaðarfullar og skólarnir ekki ráðið við að mæta kröfum þeirra. Þá er einnig umhugsunar vert hvort sumt af námsefninu hafi verið of viðamikil miðað við tímafjölda greinarinnar.

Eftir setningu grunnskólalaganna árið 1995 var enn farið að huga að nýrri námskrá grunnskólans og kom hún út árið 1999.<sup>21</sup> Þar á meðal var námskrá í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum.<sup>22</sup> Þessi námskrá var síðan endurskoðuð lítillega og kom sú gerð út árið 2007.<sup>23</sup> Í þessum námskrám er hlutverki og markmiðum kristindóms- og trúarbragðafræðslunnar lýst ítarlega og markmiðum skipt í lokamarkmið námsins í heild, áfangamarkmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar, og þrepamarkmið fyrir hvert námsár, sem reyndar eru höfð sem viðauki í námskránni 2007. Talað er um að inntak námsgreinarinnar sé þríþætt. Í fyrsta lagi fræðsla um kristna trú og menningu og sögu kirkjunnar. Í öðru lagi siðferðileg viðfangsefni. Í þriðja lagi fræðsla um helstu trúarbrögð heims. Fram kemur að námi í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum sé ætlað að stuðla að menntun og þroska nemenda og efla skilning þeirra á íslensku samfélagi og menningu í fortíð og nútíð. Síðan eru ýmsir menntunar- og þroskaþættir tilgreindir, svo sem trúar-, siðgæðis- og félagsþroski, þannig að nemendur verði sífellt hæfari til að taka ábyrga afstöðu í trúarlegum, siðferðilegum og félagslegum efnum. Bent er á að saga og menning þjóðarinnar verði vart skilin án þekkingar á kristinni trú og siðgæði og sögu kristinnar kirkju. Sama gildi um vestræna sögu og menningu. Þá er jafnframt lögð á það áhersla að önnur og ólík samfélög verði ekki heldur skilin án þekkingar á ríkjandi trúarbrögðum og siðferðilegum gildum. Fræðslu um önnur helstu trúarbrögð heims sé ætlað að miðla þeirri þekkingu og auka þannig skilning á ólíkum menningar- og trúarhefðum. Traust þekking á eigin rötum og skilningur á ólíkum lífsviðhorfum eigi þannig að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni. Þá er lögð áhersla á að mikilvægur þáttur í þroskaferli hvers einstaklings sé mótun heilbrigðrar sjálfsmyndar. Hún feli meðal annars í sér heildstætt lífsviðhorf og skilning á sjálfum sér sem einstaklingi og sem hluta af stærri heild. Skólinn þurfi því að gefa nemendum tækifæri til að fást við viðfangsefni sem tengjast leit þeirra að svörum við spurningum um merkingu lífsins og siðræn gildi og miðla þekkingu þar að lútandi. Jafnframt er vikið að uppeldishlutverki skólans og bent á að mikilvægur þáttur uppeldismótunarinnar sé siðgæðisuppeldið. Sérhvert þjóðfélag byggist á ákveðnum grundvallargildum. Skólanum sé ætlað að miðla slíkum gildum og í íslensku samfélagi eigi þessi gildi sér kristnar rætur. Í því sambandi er vísað til markmiðsgreinar grunnskólalaganna þar sem talað er um að starfshættir skólans skuli m.a. mótast af kristilegu siðgæði.<sup>24</sup> Um leið og þetta er sagt er lögð áhersla á að skólinn sé fræðslustofnun en ekki

<sup>21</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti*, Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 1999.

<sup>22</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði*, 1999. Sjá einnig Sigurður Pálsson, *Kirkja og skóli á 20. öld*, bls. 239–253.

<sup>23</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði*, 2007.

<sup>24</sup> Sjá Lög um grunnskóla nr. 63/1974, 2. gr. og Lög um grunnskóla nr. 66/1995, 2. gr.

trúboðsstofnun og honum sé því fyrst og fremst ætlað að miðla þekkingu og auka skilning á kristinni trú og öðrum trúarbrögðum.<sup>25</sup>

Ljóst er að þetta eru mjög yfirgripsmikil markmið sem fela bæði í sér ríka áherslu á þekkingu á inntaki kristinnar og þeim menningarlegu áhrifum sem hún hefur haft hér á landi og á Vesturlöndum almennt. Áhersla er lögð á þekkingu á eigin rótum um leið og áréttað er mikilvægi þess að þekkja ríkjandi trúarbrögð og siðferðileg gildi annarra menningarsamfélaga.

Þetta eru þær námskrár sem hafa verið í gildi undanfarin ár. Ekki hefur verið rannsakað hvernig grunnskólum í landinu hefur tekist að ná þessum markmiðum. Ætla má, að minnsta kosti í ljósi þess hve litlum tíma greininni var úthlutað á viðmiðunarstundaskrá ásamt með öðrum samfélagsgreinum, að ýmislegt hafi vantað upp á. Með námskránni 1999 var gerð sú breyting að tilgreina ekki sérstaklega tíma í greininni heldur telja þá með samfélagsgreinum, samtals þrjár stundir á viku á yngsta stigi, fjórar á miðstigi, þrjár í 7.–8. bekk og tvær í 9.–10. bekk, samtals 10% af heildarstundafjölda grunnskólans.<sup>26</sup> Ýmislegt bendir til þess að eftir að greinin hætti að hafa tilgreinda sérstaka tíma í viðmiðunarstundaskrá hafi skólar og kennarar gefið sér meira sjálfðæmi í ráðstöfun tímanna en áður. Þetta hefur þó ekki verið rannsakað.

Námsefnið sem notað hefur verið frá setningu námskrárinnar 1999 er áður nefndur námsbókaflokkur Sigurðar Pálssonar og Iðunnar Steinsdóttur á yngsta og miðstigi grunnskólans ásamt námsbók Gunnars J. Gunnarssonar, *Maðurinn og trúin*, á unglingsstiginu. Auk þess voru á árunum 2003–2008 gefin út hefti um helstu trúarbrögð heims handa miðstigi grunnskólans eftir Þorkel Ágúst Óttarsson (*Islam*) og Sigurð Inga Ásgeirsson (*Búddhatrú*, *Gyðingdómur*, *Hindúatrú*, og *Kristin trú*) og bók um trúarbrögðin handa yngsta stiginu eftir Hrund Hlöðversdóttur (*Trúarbrögðin okkar*). Svo virðist sem þessi hefti hafi að einhverju marki ýtt námsbókum Sigurðar og Iðunnar til hliðar og þar með hafi biblíusögum verið gerð minni skil en áður, a.m.k. í sumum skólum. Þetta hefur þó ekki verið kannað skipulega. Þessu til viðbótar hefur Námsgagnastofnun gefið út *Trúarbragðavefinn* eftir Sigrúnu Eypórsdóttur og Guðnýju Þorsteinsdóttur.<sup>27</sup> Fjölbreytni námsefnisins hefur því orðið meiri og áherslan á fræðslu um helstu trúarbrögð heims aukist í því. Litlar sem engar rannsóknir hafa þó verið gerðar á gæðum og notkun námsefnis í námsgreininni, né á viðhorfum kennara eða nemenda til þess eða námsgreinarinnar. Það felur í sér áskorun til fræðimanna um frekari rannsóknir á þessu sviði.

Í tengslum við inntak og áherslur aðalnámskrárinnar 1999 má benda á sjónarmið sem koma fram í áðurnefndri álitsgerð Dóru Guðmundsdóttur, sem gerð var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið í kjölfar dóms Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Folgero o.fl gegn Noregi árið 2007. Þar er bent á að telja verði að áhersla á kristna trú og kristlegt siðgæði í grunnskólanum hér á landi sé svo veruleg í óbreyttri aðalnámskrá og skipulagi fagsins Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði, og að það sé svo órjúfanlega tengt uppeldishlutverki skólans og starfsháttum (sbr. ákvæði grunnskólalaganna um að starfshættir skólans skuli mótast af kristilegu siðgæði), að það fari gegn 2. gr. 1. samningsviðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sérstaklega með tilliti til þess hversu

<sup>25</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði*, 1999 og *Aðalnámskrá grunnskóla, kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði*, 2007.

<sup>26</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur bluti*, 1999, bls. 29.

<sup>27</sup> Sjá *Trúarbragðavefurinn*, <http://vefir.nams.is/truarbrogd/>.

reglur um undanþágur eru ómótaðar. Í álitinu er því talin ástæða til að huga að því við endurskoðun aðalnámskrár, sem fjallar um fagið Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði, hvort nægilega sé gætt að hlutlægni og jafnvægi í aðferðum og kennsluefni. Það felur þó ekki í sér að það megi ekki leggja meiri áherslu á kristna trú en önnur trúarbrögð og lífsviðhorf, heldur er talið réttmætt að leggja áherslu á kennslu í þeim trúarbrögðum sem hafa sérstaka þýðingu í sögu og hefðum landsins. Það verður fyrst og fremst að gæta að hæfilegu jafnvægi og að námsefni sé miðlað með hlutlægum og gagnrýnum hætti í anda fjölhyggju.<sup>28</sup> Hér verður ekki lagt mat á álitserðina, en ljóst er að niðurstöðurnar í henni höfðu áhrif á vinnu við gerð nýrrar aðalnámskrár greinasviða grunnskólans sem kom út 2013. Þá þegar hafði markmiðsgrein grunnskólalaganna verið breytt árið 2008 og í stað þess að starfshættir skólans skuli mótast af „umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi“<sup>29</sup> er nú talað um starfshættir grunnskóla skuli mótast af „umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.“<sup>30</sup> Þess má geta að árið 2008 breyttu Norðmenn bæði lögum og námskrá í kjölfar dóms Mannréttinda-dómstólsins.<sup>31</sup>

### Ný aðalnámskrá samfélagsgreina

Í kjölfar grunnskólalaganna 2008 hófst vinna við gerð nýrrar aðalnámskrár. Árið 2011 kom út almennur hluti námskrárinnar<sup>32</sup> og á sl. ári kom síðan út svokallað greinasvið námskrárinnar.<sup>33</sup> Með námskránni voru gerðar róttækar breytingar og námskrám einstakra námsgreina steipt saman í stærri heildir. Trúarbragðafræðslan varð þar með hluti svokallaðra samfélagsgreina. Það felur meðal annars í sér að hlutverki trúarbragðafræðslunnar er fyrst og fremst lýst í samhengi þeirra námsgreina sem falla þar undir. Lögð er áhersla á að námskrár greinasviðanna taki mið af svonefndum grunnþáttum menntunar sem fjallað er um í almennum hluta aðalnámskrárinnar, þ.e. læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti og sköpun.<sup>34</sup> Í kaflanum um samfélagsgreinar<sup>35</sup> er þeim lýst sem greinum sem fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Þær eigi sér grundvöll í þeirri skyldu hvers samfélags að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf. Í almenri lýsingu á markmiðum samfélagsgreina er lögð áhersla á að þær stuðli að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim sé ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum. Jafnframt að nemendur tileinki sér réttýni, gildismat og ábyrgð, sem meðal annars byggja á hæfni til þess að setja sig í spor annarra og hæfni til þess að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir eigin hag, umhverfið og þjóðfélagið í heild.

<sup>28</sup> Dóra Guðmundsdóttir, *Trúarbragðafræðsla í leik- og grunnskólum*, bls. 24.

<sup>29</sup> Lög um grunnskóla nr. 63/1974, 2. gr. og Lög um grunnskóla nr. 66/1995, 2. gr.

<sup>30</sup> Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 2. gr.

<sup>31</sup> Sjá *Lov om grunnskolen og den videregående opplæringa (opplæringslova)*. Sótt 12. maí 2014 af <http://lovdata.no/dokument/NL/lov/1998-07-17-61> og *Læreplan i religion, livssyn og etikk*. Sótt 12. maí 2014 af <http://www.udir.no/kl06/RLE1-01/>.

<sup>32</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti*, 2011.

<sup>33</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, greinasvið*, 2013.

<sup>34</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti*, 2011, bls. 34–37.

<sup>35</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, greinasvið*, 2013, bls. 194–207.

Megináherslurnar beinast því að ýmsum þáttum þeirra námsgreina sem mynda samfélagsgreinasviðið og tengjast bæði menningu, sögu, samfélagi, umhverfi og auðlindum, ásamt siðferðislegum álitamálum og gildum. Um þátt trúarbragðafræðinnar er sagt að henni sé ætlað að auka skilning á ríkjandi trúarbrögðum og ólíkum trúarhefðum með umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi. Þetta felur í sér að áhersla er lögð bæði á ríkjandi trúarbrögð samfélagsins og ólíkar trúarhefðir með það fyrir augum að auka umburðarlyndi og víðsýni nemenda.

Hæfniviðmið samfélagsgreina lýsa síðan nánar að hverju er stefnt. Þau eru flokkuð í þrjá meginflokka, þ.e. reynsluheim og hæfni nemenda til að skilja veruleikann, hugarheim og hæfni nemenda til að skilja sjálfa sig, og félagsheim og hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra. Í fyrsta flokknum um reynsluheiminn er meðal annars vikið að trú og trúarbrögðum og þætti þeirra í mannlífínu. Þannig eigi nemendur að geta ígrundað víxlverkun samfélags, stjórn mála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar, þeir eigi að geta fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins, og þeir eigi að geta útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga. Jafnframt er lögð áhersla læsi nemenda á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákni kristni og annarra helstu trúarbragða heims og hæfni þeirra til að greina áhrif Biblíunnar og helgiritanna annarra helstu trúarbragða á menningu og samfélög. Loks er talað um hæfni nemenda til að geta rætt og borið saman ólík trúar- og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað sé sameiginlegt og hvað sérstætt. Í þeim þætti markmiðanna sem snúa að hugarheimi og skilningi á sjálfum sér er meðal annars talað um að nemandi geti hugleitt og tjáð hver hann sé í augum sjálfs sín og annarra og útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótist af umhverfi og búsetu, stjórn mála og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum. Einnig er lögð áhersla á hæfnina til að rökstyðja gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund. Í þeim flokki markmiða sem snúa að félagsheimi er meðal annars talað um að nemendur geti útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta, og jafnframt vegið og metið skoðanir og upplýsingar og brugðist við þeim á fordómalausum og réttisýnum hátt.<sup>36</sup> Allt eru þetta háleit markmið og ljóst að þeim verður ekki náð með trúarbragðakennslunni einni og því augljóst að námskráin byggir á samspili þeirra mörgu greina sem mynda samfélagsgreinasviðið. Það býður jafnframt upp á samþættingu námsþátta úr ólíkum greinum, svo sem trúarbragðafræði, lífsleikni og siðfræði.

Þegar nýja námskráin er borin saman við eldri námskrár má segja að áherslan hafi að einhverju marki flust frá inntaksskilningi (e. *substantive definition*) á trúarbrögðum, með áherslu á inntak og hefðir einstakra trúarbragða, þar sem kristnin er í öndvegi, yfir í hlutverkaskilning (e. *functional definition*) á trúarbrögðum, með aukinni áherslu á menningarlegt og samfélagslegt samhengi og hlutverk trúarbragðanna.<sup>37</sup> Ekki þó þannig að inntaki trúarbragðanna sé ekki lengur gefinn gaumur eða sérstöðu kristninnar í íslensku samfélagi sé ýtt út af borðinu, heldur er áherslan aukin á hæfni nemenda til að geta útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og geta greint áhrif þeirra á líf einstaklinga,

<sup>36</sup> Sama heimild, bls. 194–207.

<sup>37</sup> Sjá nánar t.d. Meredith B. McGuire, *Religion. The Social Context*, Belmont, California: Wadsworth Publishing, 1992, bls. 9–15; Geir Skeie, *En kulturbæst religionspedagogik*. Trondheim: Norges teknisk-naturvetenskaplige universitet, 1998, bls. 144–150.



hópa og samfélaga. Markmiðið er aukinn skilningur á margbreytileika mannlífsins og ólíkum bakgrunni fólks og virðing fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta. Þótt þessi atriði sé líka að finna í eldri námskrám í trúarbragðafræðslu er áherslan á þau ríkari í nýju námskránni auk þess sem þau eru betur tengd viðfangsefnum lífsleikni og siðfræði. Þessar áherslubreytingar eru m.a. rökstuddar með vísan til samfélagsbreytinga síðustu ára með vaxandi margbreytileika og fjölhyggju. Eftir sem áður er þó lögð áhersla á inntakspætti trúarbragða, þ.e. læsi nemenda á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákni kristni og annarra helstu trúarbragða heims og hæfni þeirra til að greina áhrif Biblíunnar og helgiritanna annarra helstu trúarbragða á menningu og samfélag. Veikleiki við nýju samfélagsgreinanámskrána er þó sá að inntakspættir trúarbragðanna geti orðið hornreka og því vanti þekkingu og skilning til að ná háleitum hæfniviðmiðum námskrárinnar. Hér reynir því á hvernig einstakir skólar og kennarar halda á spöðunum.

### Möguleikar og áskoranir skólans

Nýja samfélagsgreinanámskráin býr yfir ýmsum möguleikum sem vert er að huga að og samspilið við aðrar greinar samfélagsgreinasviðisins felur í sér áhugaverðar áskoranir þegar unnið er með trúarbragðafræðslu á tímum trúarlegs margbreytileika. Í nágrannalöndunum hefur átt sér stað mikil umræða um stöðu og hlutverk trúarbragðafræðslu í fjölmenningsamfélögum nútímans. Minna má á að Evrópuráðið hefur sent frá sér skýrslur og greinargerðir sem árétta mikilvægi trúarbragðafræðslu sem þátt í almennri menntun á tímum vaxandi fjölmennings og trúarlegs margbreytileika. Rauður þráður í þessum skýrslum er mikilvægi þess að vinna gegn staðalímyndum og misskilningi á trúarbrögðum, auka umburðarlyndi í trúarlegum efnum og efla þekkingu og skilning á ólíkum trúarbrögðum, bæði eigin og annarra, með markvissri fræðslu á öllum skólastigum. Jafnframt er bent á nauðsyn þess að mennta hæfa kennara á þessu sviði.<sup>38</sup> Sérstök ástæða er til að benda á skýrsluna *Toledo Guiding Principles on Teaching About Religions and Beliefs in Public Schools* sem hefur að geyma ítarlegar leiðbeiningar um kennslu um trúarbrögð og lífsviðhorf í opinberum skólum. Meginniðurstöður skýrslunnar fela í sér ríka áherslu á gildi þekkingar á trúarbrögðum. Í henni er því haldið fram að sú þekking geti stuðlað að viðurkenningu á mikilvægi þess að virða rétt allra til að ástunda trúarbrögð sín eða lífsviðhorf. Hún geti einnig aukið skilning á félagslegum margbreytileika og eflt félagslega samloðun. Jafnframt geti þekking á trúarbrögðum dregið úr ágreiningi og átökum sem stafa af skorti á skilningi á trú annarra. Auk þess stuðli hún að betri skilningi á sögu, bókmenntum og listum, og efli menningarlega víðsýni. Árangursríkast er að trúarbragðafræðslan haldist í hendur við að innræta fólki virðingu fyrir réttindum annarra, jafnvel þótt ágreiningur ríki um trúarbrögð og lífsviðhorf. Trúfrelsi séu algild mannréttindi og það feli í sér skuldbindingu til að virða réttindi og jafngildi allra manna. Í niðurstöðunum er lögð áhersla á að trúarbragðakennslan byggji á fagmennsku og sérfræðiþekkingu. Jafnframt er bent á að skyldunám í trúarbragðafræði gangi ekki gegn trúfrelsi ef námskeiðin eru nægilega hlutlaus.<sup>39</sup>

<sup>38</sup> Sjá nánar Gunnar J. Gunnarsson, „Trúarbragðafræðsla í samfélagi margbreytileikans“, *Netla — Vefritur um uppeldi og menntun* 2012. Sótt 12. febrúar 2014 af <http://netla.hi.is/greinar/2012/rvn/006.pdf>, og Sigurður Pálsson, „Trúarbragðafræðsla í skólum. Af vettvangi Evrópuráðsins og ÖSE.“ *Netla — Vefritur um uppeldi og menntun*, 2011. Sótt 12. febrúar 2014 af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/alm/007.pdf>.

<sup>39</sup> *Toledo Guiding Principles on Teaching About Religions and Beliefs in Public Schools*, Varsjá: OSCE Office for Democratic Institutions and Human Rights (ODHIR), 2007, bls. 13–14. Sótt 12. febrúar 2014 af <http://www.osce.org/odihr/29154>.

Ljóst er að ef grunnskólar taka bæði nýju námskrána í samfélagsgreinum og niðurstöður Toledo-skýrslunnar alvarlega felur það í sér veigamikil verkfæri. Ekki fer á milli mála að rík áhersla er lögð á mikilvægi vandaðrar trúarbragðafræðslu í Toledo-skýrslunni. Á grundvelli ofangreindra niðurstaðna eru í henni settar fram leiðbeinandi meginreglur sem leggja línurnar um hvers beri sérstaklega að gæta þegar trúarbragðafræðsla í opinberum skólum er skipulögð. Þar er lögð áhersla á atriði eins og sanngirni, nákvæmni og fræðilega fagmennsku, virðingu fyrir mannréttindum, grundvallarfrelsi og borgaralegum gildum, trúfrelsi, gagnkvæma virðingu og skilning. Ábyrgð skólans á trúarbragðakennslunni er áréttuð um leið og bent er á að kennsluáðferðir megi hvorki grafa undan né líta framhjá hlutverki fjölskyldu og trúfélaga í að miðla gildum til komandi kynslóða. Lögð er áhersla á að námsskipulag og námsþættir í skyldunámi þurfi að vera nægilega hlutlausir og að kennarar hafi fullnægjandi menntun, bæði í trúarbragðafræðum og kennslufræði, til að annast þessa fræðslu. Við gerð námskrár, námsbóka og annarra námsgagna um trúarbrögð og lífsviðhorf sé mikilvægt að taka tillit til bæði trúarlegra og trúlausra sjónarmiða af sanngirni og virðingu, um leið og miðað sé við viðurkennda staðla, í þeim tilgangi að tryggja jafnvægi í kennslu um trúarbrögð og lífsviðhorf. Jafnframt þurfi að þjálfarar á faglegan hátt í að nota námskrár og námsefni á þessu sviði og tryggja þeim tækifæri til frekari þjálfunar og þróunar á þekkingu sinni. Öll kennaramenntun eigi að mótast af grundvallarreglum lýðræðis og mannréttinda og fela í sér innsýn í menningarlegan og trúarlegan margbreytileika í samfélaginu. Námskrá og námsefni í trúarbragðafræði eigi að gefa gaum að bæði sögulegri og samtímaþróun trúarbragða og lífsviðhorfa og endurspeglar bæði alþjóðleg og staðbundin málefni. Jafnframt beri að taka tillit til fjölbreytileikans í trúarlegri og veraldlegri tjáningu eins og hún birtist í skólanum og nærsamfélaginu.<sup>40</sup>

Sú áhersla sem Toledo-skýrslan og aðrar greinargerðir Evrópuráðsins leggja á mikilvægi góðrar menntunar kennara á þessu sviði er umhugsunarverð. Lengi vel voru kristin fræði og trúarbragðafræði hluti af skyldukjarna kennaranáms í Kennaraháskóla Íslands, en frá árinu 1990 var sú breyting gerð að einungis íslenska og stærðfræði af námsgreinum grunnskólans skyldu vera í kjarna kennaranámsins. Aðrar námsgreinar yrðu í boði sem valgreinar. Síðan þá hafa kristin fræði og trúarbragðafræði einungis verið í boði sem valgrein og síðustu árin sem hluti af samfélagsgreinakjörsviði. Þar af leiðandi hefur meirihluti þeirra, sem útskrifast hafa með grunnskólakennarapróf síðustu tvo áratugi, ekki hlotið neina menntun í trúarbragðafræðum sem hluta af sínu kennaranámi.

Toledo-skýrslan tekur mið af þeim trúarlega margbreytileika sem er staðreynd víða í evrópskum samfélögum. Íslenskt samfélag hefur þó lengst af verið tiltölulega einsleitt og kristin trúararfleifð verið mótandi afl í menningu og samfélagi. Því er eðlilegt að kristni hafi skipað veigamikinn sess í trúarbragðafræðslunni hér á landi, enda meirihluti nemenda með bakgrunn og reynslu sem á einhvern hátt tengist þeim trúarbrögðum. Á síðustu árum hefur myndin hins vegar breyst og nú einkennist samfélagið æ meir af trúarlegri fjöllhyggju og margbreytileika, bæði innan hinnar kristnu trúarhefðar og vegna vaxandi áhrifa annarra trúarbragða og lífsskoðana. Taka þarf tillit til þess í trúarbragðafræðslunni og gæta þess að eðlilegt jafnvægi ríki milli ríkjandi trúarbragða samfélagsins og annarra trúar- og lífsviðhorfa. Í takt við Toledo-skýrsluna hafa þeir sem skrifað hafa um trúarbragðafræðslu á tímum trúarlegs margbreytileika gjarnan lagt áherslu á mikilvægi þess að nemendur öðlist

---

<sup>40</sup> Sama heimild, bls. 16–17.

þekkingu og skilning á öðrum trúarhefðum og lífsviðhorfum en þeirra eigin, en um leið leggja þeir áherslu á að til þess þurfi þeir jafnframt að dýpka skilning sinn á eigin trúarhefðum. Skilningur á eigin bakgrunni sé mikilvægur þegar kemur að því að túlka merkingu annarra trúarhefða. Þeir benda líka á að margbreytileiki sé einnig fólgin í hefðum einstakra trúarbragða og að skilningur á margbreytileikanum hjálpi nemendum að forðast staðalímyndir.<sup>41</sup> Mikilvægt er að taka mið af því í námskrá og kennslu. Hér á landi er eðlilegt að sérstök áhersla sé lögð á kristni í fræðslunni en um leið þarf að tryggja vandaða fræðslu um önnur trúarbrögð og lífsviðhorf. Ennfremur þarf að gæta þess að gera margbreytileikanum innan einstakra trúarhefða skil, t.d. innan kristninnar hér á landi. Nemendur í skólum landsins taka með sér mismunandi reynslu, skilning og afstöðu inn í skólastofuna sem mótast af bakgrunni þeirra og hæfni til að vinna með eigin reynslu og hugmyndir. Þetta er sá veruleiki sem kennarar þurfa að vinna með í trúarbragðafræðslu skólans. Um leið er mikilvægt að með hann sé unnið í samspili við inntak og hefðir trúarbragðanna.

Þeir sem hafa skrifað hvað mest um áherslur og nálganir í trúarbragðafræðslu skólanna á síðustu árum hafa bent á mikilvægi þess að taka margbreytileikann alvarlega í kennslunni. Í því sambandi leggja margir áherslu á að nota samræðuna sem kennsluaðferð. Sem dæmi má nefna rannsóknir og skrif Heid Leganger-Krogstad í Noregi, Julia Ipgrave í Englandi og Wolfram Weisse í Þýskalandi, sem öll áréttu mikilvægi þess að nemendur kynni sér trúarbrögðin í sínu menningarlega samhengi um leið og þau leggja áherslu á virka þátttöku og áhrif nemenda í náminu þannig að persónuleg þekking þeirra og reynsla verði ásamt námsefninu í trúarbragðafræðslunni uppspretta náms, skoðanaskipta og ígrundunar.<sup>42</sup>

Svipaðar áherslur má sjá í sjónarmiðum Roberts Jackson<sup>43</sup> og Andrew Wright<sup>44</sup>. Þrátt fyrir ólíkan þekkingarfræðilegan grundvöll leggja þeir báðir áherslu á að trúarbragðakennslan eigi að vera aðgengileg fyrir alla, óháð trúar- eða lífsskoðunum, og að hún feli í sér sveigjanleika og líti á þátttöku nemendanna sem mikilvægan þátt í kennslunni. Munurinn á nálgun þeirra felst einkum í því að Jackson leggur megináherslu á bakgrunn og reynslu nemendanna eða það sem kalla má samhengismiðaða nálgun (e. *contextual approach*), en þar er hann á svipaðri línu og Leganger-Krogstad, Ipgrave og Weisse, meðan Wright leggur meiri áherslu á frásagnir og hefðir trúarbragðanna eða það sem kalla má inntaksmiðaða nálgun (e. *essential approach*). Jackson kallar sína aðferð túlkandi nálgun (e. *interpretive approach*). Innihald trúarbragðafræðslunnar sé þá ekki bara það efni sem er í

<sup>41</sup> Robert Jackson og Satoko Fujiwara, „Towards Religious Education for Peace“, *Peace Education and Religious Plurality. International Perspectives*, ritstj. R. Jackson og S. Fujiwara, London og New York: Routledge, 2008, bls. xii.

<sup>42</sup> Heid Leganger-Krogstad, „Dialogue Among Young Citizens in a Pluralistic Religious Education Classroom“, *International Perspectives on Citizenship, Education and Religious Diversity*, ritstj. R. Jackson, London: RoutledgeFalmer, 2003, bls. 170–190; Heid Leganger-Krogstad, *The Religious Dimension of Intercultural Education: Contributions to a Contextual Understanding*, Münster: LIT Verlag, 2011; Wolfram Weisse, „Difference Without Discrimination: Religious Education as a Field of learning for Social Understanding“, *International Perspectives on Citizenship, Education and Religious Diversity*, ritstj. R. Jackson, London: RoutledgeFalmer, 2003, bls. 191–208; Julia Ipgrave, „Dialogue, Citizenship and Religious Education“, *International Perspectives on Citizenship, Education and Religious Diversity*, ritstj. R. Jackson, London: RoutledgeFalmer, 2003, bls. 147–168. Sjá einnig Robert Jackson, *Rethinking Religious Education and Plurality: Issues in Diversity and Pedagogy*, London: Routledge Falmer, 2004, bls. 109–125.

<sup>43</sup> Robert Jackson, *Religious Education. An Interpretive Approach*, London: Hodder and Stoughton, 1997; Robert Jackson, *Rethinking Religious Education and Plurality*, 2004; Robert Jackson, „Contextual Religious Education and the Interpretive Approach“, *British Journal of Religious Education* 1/2008, bls. 13–24.

<sup>44</sup> Andrew Wright, „Language and experience in the hermeneutics of religious understanding“, *British Journal of Religious Education* 3/1996, bls. 166–180; Andrew Wright, *Religion, Education and Post-Modernity*, London: RoutledgeFalmer, 2004; Andrew Wright, „Contextual Religious Education and the Actuality of Religions“, *British Journal of Religious Education* 1/2008, bls. 3–12.

námsbókum eða það sem kennarinn leggur til, heldur feli það einnig í sér þekkingu og reynslu nemendanna og gagnvirkt samspil þarna á milli. Hann telur að svona nálgun feli í sér þann möguleika að nemendur dýpki eigin viðhorf og skilning með því að læra um afstöðu annarra, annað hvort óháð eða í tengslum við eigin trúarlegu arfleifð. Hún feli jafnframt í sér tækifæri fyrir nemendur til að beita gagnrýninni hugsun í vinnu með námsefnið sem um er að ræða og svigrúm fyrir skapandi nálgun í framsetningu þess. Eigin trúar- og menningarleg reynsla, ásamt ígrundun og gagnvirkni nemenda, geti þannig orðið hluti af námsefni í trúarbragðafræði. Á hinn bóginn kallar Wright sína nálgun „gagnrýna trúarbragðafræðslu“ (e. *critical religious education*). Í hans augum eru trúarbrögð nútímans ekki byggð á einhverri algildri reynslu, heldur á tjáningu margbreytilegrar reynslu ólíkra trúarbragða. Trúarbrögðin séu því nánar tiltekið röð ólíkra frásagna um hið sanna eðli veruleikans sem bæði skarast og keppa innbyrðis. Það sé því ekki reynslan sem nemendur þurfa á að halda sem tæki til að skilja trúarbrögð heldur trúarlegt læsi. Wright er þeirrar skoðunar að trúarbragðafræðslan verði að eiga sér stað á þann hátt að nemendur komist í kynni við þær frásagnir sem trúarhefðirnar nota til að lýsa og fást við veruleikann með. Hún eigi að leitast við að nýta möguleika sína til að opna augu nemendanna fyrir spurningum um hinsta sannleika tilverunnar og þroska trúarlegt læsi þeirra. Þannig eigi nemendur að fá hjálp til að móta vel rökstudda afstöðu til trúarlegra sannleikskrafna og færni til að hugsa, breyta og eiga tjáskipti af innsæi og skilningi í ljósi þess trúarlega margbreytileika sem nútímameningin einkennist af. Báðir leggja Jackson og Wright áherslu á að það sé ekki markmið trúarbragðafræðslu í opinberum skólum í lýðræðis-samfélagi að innræta nemendum einhverja trúarlega eða veraldleg lífsskoðun.<sup>45</sup>

Í bókinni *Rethinking Religious Education and Plurality* hefur Jackson rætt sérstaklega ólíkar nálganir í trúarbragðakennslu og viðurkennir að engin nálgana af ofangreindu tagi sé algerlega hlutlaus. Þær viðurkenni hins vegar allar óumflýjanleg áhrif margbreytileikans á börn og unglínga og vilji hjálpa þeim að takast á við hann. Þær ali ekki á neinum tilteknum trúarskoðunum en leggi áherslu á að nemendur geti kynnt sér og ígrundað ólík trúarleg og heimspekileg sjónarmið á skipulegan hátt. Þær viðurkenni einnig rétt einstaklinga til að hafa mismunandi trúar- og lífsskoðanir og að hluti nemendanna taki óhjákvæmilega með sér trúarviðhorf fjölskyldu sinnar eða trúfélags inn í skólstofuna. Þær tryggji því trúfrelsi einstaklinganna og geti stuðlað að trúarlegu umburðarlyndi á virkan hátt. Auk þess reyni þær að tryggja að frásagnir, kenningar og siðir trúarbragðanna fái umfjöllun sem einkennist af næmi, heiðarleika, nákvæmni og réttlæti.<sup>46</sup>

Þegar hæfniviðmið sem tengjast sérstaklega trúarbrögðum og lífsviðhorfum í nýrri námskrá í samfélagsgreinum eru skoðuð vaknar sú spurning hvort samhengismiðuð nálgun, þar sem tekið er tillit til menningarlegs samhengis trúarbragða og margbreytileikinn er viðurkenndur, sé ekki gagnlegur útgangspunktur. Í námskránni er t.d. talað um að nemendur geti að loknu námi útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga; þeir geti fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins; þeir geti útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta; þeir geti ígrundað víxlverkun samfélags, stjórn mála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa

<sup>45</sup> Sjá nánar Gunnar J. Gunnarsson, „Trúarbragðafræðsla í samfélagi margbreytileikans“.

<sup>46</sup> Robert Jackson, *Rethinking Religious Education and Plurality*, bls 161–180.

í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar; þeir geti rætt og borið saman ólík trúar- og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað sé sameiginlegt og hvað sérstætt; og þeir geti útskýrt trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum.<sup>47</sup> Hér er sem sé lögð áhersla á hið menningarlega, sögulega og félagslega hlutverk og samhengi trúarbragðanna um leið og margbreytileikinn og hæfnin til að takast á við hann er áréttaður. Því er e.t.v. rökrétt að leggja áherslu á samhengismiðaða nálgun í kennslunni. En um leið eru markmið í námskránni sem snúa að inntaki trúarbragðanna og hæfni til að takast á við það. Námskráin talar t.d. um að nemendur geti sýnt fram á læsi á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims; og að þeir geti greint áhrif Biblíunnar og helgiritra annarra helstu trúarbragða á menningu og samfélög.<sup>48</sup> Hér eru á ferðinni hæfniviðmið sem byggja á þekkingu á inntaki kristninnar og annarra trúarbragða og Biblíunni og helgiritum helstu trúarbragða heims. Af þeim sökum má færa rök fyrir því að einnig verði að taka mið af inntaksmiðaðri nálgun í trúarbragðafræðslunni. Þrátt fyrir að þeir Jackson og Wright, haldi fram ólíkri nálgun í trúarbragðafræðslu og hafi rökrétt ólíkar forsendur hugmynda sinna,<sup>49</sup> þá má færa rök fyrir því að draga megi lærdóm af sjónarmiðum beggja og að skynsamlegt sé að fara milliveg milli samhengismiðaðrar nálgunar Jackson og þeirra Leganger-Krogstad, Ipgrave og Weisse og inntaksmiðaðrar nálgunar Wright. Það þurfi einfaldlega að gefa gaum að hvoru tveggja, þ.e. innihaldi trúarbragðanna og menningarlegu og félagslegu samhengi. Athygli vekur að þrátt fyrir ólíkan þekkingarfræðilegan grundvöll og mismunandi nálgun í trúarbragðafræðslunni eiga þeir Jackson og Wright ýmislegt sameiginlegt. Ef við setjum það sem þeir eiga sameiginlegt í brennidepil, þ.e. að kennslan eigi að vera aðgengileg fyrir alla, óháð trúar- eða lífsskoðunum, og að hún feli í sér sveigjanleika og líti á þátttöku nemendanna sem mikilvægan þátt í kennslunni, þá er það grundvöllur að leið sem felur í sér víxlverkun milli samhengisins og reynslu nemendanna annars vegar og kjarnans í innihaldi ólíkra trúarbragða og lífsviðhorfa hins vegar. Mikilvægt er að trúarbragðafræðslan sé réttlát gagnvart öllum og taki tillit til mannréttinda og trúfrelsis og að hún hafi það að markmiði að skapa umburðarlyndi og virðingu milli fólks með ólíkar trúar- og lífsskoðanir. Það er einnig mikilvægt sjónarmið sem Wright heldur fram að skólinn skapi með trúarbragðafræðslunni þekkingargrundvöll fyrir nemendur til að skýra, gagnrýna, móta og verja eigin afstöðu samhliða því sem hún stuðli að auknum skilningi á lífsviðhorfi og afstöðu annarra. Sjónarmið beggja eiga sér þannig ágætan samhljóm í ýmsum þeim hæfniviðmiðum sem er að finna í nýrri námskrá samfélagsgreina og sú áhersla sem ofangreindir höfundar leggja á samræðuna í kennslunni rímar vel við þá áherslu námskrárinnar að samfélagsgreinum sé ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum. Námskrá og námsefni trúarbragðafræðinnar þarf því að endurspegla samspil milli inntaks trúarhefðanna og reynslu nemendanna, þannig að lögð sé áhersla á hæfni nemenda til að fást við og ræða frásagnir, kenningar, siði og hefðir ólíkra trúarbragða og lífsviðhorfa um leið og þeir vinna með reynslu sína, hugmyndir og tilvistarspurningar. Í tengslum við aðrar samfélagsgreinar aukast jafnframt möguleikar á að fást við trúarbrögð og lífsviðhorf í sögulegu,

<sup>47</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, greinasvið*, 2013, bls. 196–203 .

<sup>48</sup> Sama heimild, bls. 196–203 .

<sup>49</sup> Sjá nánar Gunnar J. Gunnarsson, “*I don’t believe the meaning of life is all that profound*”: *A study of Icelandic teenagers’ life interpretation and values*, doktorsritgerð í menntunarfræði, Stokkhólmur: Stockholm University, Department of Education, 2008, bls. 31–45; Gunnar J. Gunnarsson, „Trúarbragðafræðsla í samfélagi margbreytileikans“.

menningarlegu og félagslegu samhengi, bæði á vettvangi nærsamfélags og veraldarinnar í heild.

## Hlutverk kirkju og trúfélaga

Þótt ekki hafi farið fram skipuleg könnun eða rannsókn á biblíuþekkingu ungs fólks á Íslandi nú á dögum benda samtöl, t.d. við presta og aðra sem koma að fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar, til þess að hún fari minnkandi og sé jafnvel í mörgum tilfellum mjög lítil. Nýlegar rannsóknir á lífsviðhorfum ungs fólks gefa þó upplýsingar um þátt trúar og trúarlegrar iðkunar í lífi ungs fólks. Í 10 ára gamalli rannsókn þar sem rætt var við hóp unglinga í efstu bekkjum grunnskóla (9. og 10. bekk) kom í ljós að mörg þeirra töldu trú eða trúarbrögð hafa áhrif á líf þeirra, en þegar spurt var nánar út í hvernig þá virðast áhrifin vera margvísleg og oft háð ólíkum bakgrunni og reynslu í fjölskyldunni. Rannsóknin bendir þó til þess að trú og trúariðkun eigi sér nokkurn sess í lífi meirihluta unglिंगanna, en virðist þó vera dálítið einangruð. Sum tengdu trúna fyrst og fremst við það að fara í kirkju og önnur töldu hana hafa lítil áhrif á daglegt líf sitt. Mörg töluðu um gildi bænar, einkum þegar eitthvað bjátaði á, en þegar rætt var um mótlæti, vanda og sorg síðar í viðtalinu nefndu nánast engin þeirra bænina sem þátt í viðbrögðum í slíkum aðstæðum. Ýmislegt í rannsókninni bendir til þess að unglिंगarnir hafi upplifað sig í einhvers konar spennu milli einsleitni og fjölhyggju.<sup>50</sup> Önnur rannsókn, sem enn stendur yfir, á lífsviðhorfum framhaldsskólanema, bendir til þess að hið trúarlega skipti ekki miklu máli í daglegu lífi eða þegar kemur að mótun viðhorfa ungs fólks. Spurningalistar voru lagðir fyrir rúmlega 900 nemendum, 18 ára og eldri, í sjö framhaldsskólum á árunum 2011–2012. Niðurstöður úr þeim þætti rannsóknarinnar sýna að meirihluti unga fólksins er þeirrar skoðunar að manneskjan þarfnist alltaf einhvers til að trú á og að það sé mikilvægt að vera sannfærður um lífsviðhorf sitt og trú og lífa samkvæmt því. En um leið er meirihlutinn ekki þeirrar skoðunar að trúarbrögð séu mikilvæg í samfélaginu, trúarleg iðkun hefur ekki mikla þýðingu fyrir þau og trúarbrögð hafa haft lítil áhrif á viðhorf þeirra. Tiltrú á vísindum virðist aftur á móti mikil hjá meirihluta þátttakenda, sem taldi vísindin líkleg til að svara öllum spurningum sem skipta máli fyrir mannkynið, og spurningin um uppruna heimsins er fyrst og fremst vísindaleg spurning að mati meirihlutans. Þá hafa helgirit trúarbragðanna ekki mikið gildi á dögum vísindalegrar þekkingar, en aftur á móti er spurningin um tilvist guðs áhugaverð í augum margra. Langflest telja sjálfsagt að taka tillit til ólíkra hefða fólks eftir menningu og trú. Meirihlutinn telur einnig sjálfsagt að öll trúarbrögð fái að blómstra og reisa sér bænahús og er ósammála því að það sé óheppilegt fyrir íslenskt samfélag ef önnur trúarbrögð en kristni eflast. Munurinn milli kynja í þessari rannsókn er áhugaverður, en töluvert herra hlutfall stráka en stelpna tilgreindi sig sem trúlausa eða utan trúfélaga. Þá virðast stelpurnar líklegri en strákarnir til að fallast á mikilvægi trúarbragða og gildi trúarlegrar iðkunar. Tiltrú á vísindum virðist

<sup>50</sup> Gunnar E. Finnbogason og Gunnar J. Gunnarsson, „Trú og gildi í tilvistartúlkun unglinga. Nokkrar niðurstöður úr rannsókn á lífsviðhorfi og gildismati íslenskra unglinga“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 2/2006, bls. 43–70; Gunnar J. Gunnarsson, „I don't believe the meaning of life is all that profound": A study of Icelandic teenagers' life interpretation and values, bls. 162–176; Gunnar J. Gunnarsson, „Tilvistartúlkun og trú. Skipta trú og trúarbrögð einhverju máli í tilvistartúlkun íslenskra unglinga“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 1/2008, bls. 113–132; Gunnar J. Gunnarsson, „Life interpretation and religion among Icelandic teenagers“, *British Journal of Religious Education* 1/2009, bls. 3–15; Gunnar J. Gunnarsson, „To be Honest and Truthful." Central Values in the Life Interpretation among Icelandic Teenagers“, *Religious Diversity and Education. Nordic Perspectives*, Religious Diversity and Education in Europe 11, ritstj. C. Bakker, H-G. Heimbrock, R. Jackson, G. Skeie og W. Weisse, Münster/New York/München/Berlin: Waxmann, 2009, bls. 117–130.

aftur á móti meiri hjá strákum en stelpum. Þótt það gefi e.t.v. takmarkaða vísbendingu þá er sá munur sem kemur fram eftir tilgreindri trúfélagsaðild engu að síður áhugaverður, en hann bendir til að unga fólkið sé upp að vissu marki sjálfu sér samkvæmt á þann veg að þau sem segjast tilheyra trúfélögum eru líklegri til að meta mikilvægi trúarbragða og trúarlegrar iðkunar en þau sem segjast vera utan trúfélaga eða trúlaus. Samt sem áður er mikill meirihluti þeirra sem segjast tilheyra trúfélögum eða trúarbrögðum ósammála fullyrðingum sem fela í sér mikilvægi og áhrif trúarbragða og gildi trúarlegrar iðkunar.<sup>51</sup>

Þessar rannsóknarniðurstöður, breyttar áherslur í trúarbragðafræðslu skólanna, ásamt vísbendingum um minnkandi biblíuþekkingu ungs fólks fela í sér áskoranir til kirkju og trúfélaga um að huga vel að eigin trúaruppeldi og fræðslu. Með vaxandi margbreytileika samfélagsins og aukinni alþjóðavæðingu mun áherslan í trúarbragðafræðslu skólans á önnur trúarbrögð og lífsviðhorf halda áfram að aukast á kostnað umfjöllunar um kristni. Breytt staða kristinfræðinnar í grunnskólanum er því bein áskorun til kirkjunnar. Trúfræðsla kirkjunnar og trúaruppeldið á vettvangi hennar skiptir hér miklu máli ásamt því að efla foreldra og heimili til markvissrar trúrækt og trúaruppeldis. Í grunnskólum framtíðarinnar hér á landi verða börn og unglingar með margvíslegan trúarlegan bakgrunn. Í trúarbragðafræðslunni munu þau skiptast á skoðunum við jafnaldra sína í námi og samræðum um helstu trúarbrögð heims og önnur lífsviðhorf. Mikilvægt er að börn og unglingar komi inn í það samhengi og samtal með góðan trúarlegan grundvöll, bæði þekkingu og reynslu, úr kirkjunni sinni og fjölskyldunni. Sænsk rannsókn, þar sem tekið var viðtal við 40 unglunga í 8. bekk í fjölmenningslegum skóla í Gautaborg, bendir til þess að nokkur munur sé á þeim sem eiga sér sænskan uppruna og hinum sem ekki eiga sér sænskan bakgrunn. Í huga næstum allra viðmælenda sem ekki höfðu sænskan bakgrunn voru trúarbrögð augljós þáttur í mótun sjálfsmýndar. Því var öfugt farið meðal þeirra sem áttu sér sænskan bakgrunn. Þeirra afstaða og viðbrögð einkenndust af því að vera veraldleg (s. *sekular*) og mótuð af efnishyggju og þeir voru gjarnan gagnrýnir á trúarleg lífsviðhorf.<sup>52</sup> Nú er ekki hægt að heimfæra þessar niðurstöður beint upp á íslenskar aðstæður en þær geta þó gefið vísbendingu um áhrif veraldarhyggju á ungt fólk og hvaða áhrif ólíkur bakgrunnur getur haft. Nýleg íslensk meistaraþrófsritgerð bendir til hins sama en þar kemur fram að þeir viðmælendur sem höfðu alist upp við kaþólska trú leituðu frekar til Guðs og bænarnar í erfiðum aðstæðum en aðrir einstaklingar innan viðmælendahópsins.<sup>53</sup>

Áskorunin til þjóðkirkjunnar, sem fjölmennasta trúfélags landsins, er því sú að huga að þessum þætti sérstaklega og setja sér trúaruppeldisáætlun til framtíðar í fjölhyggjusamfélagi og koma henni í framkvæmd. Skólinn þarf vissulega að efla sína fræðslu um trúarbrögð og lífsviðhorf og hann getur ekki horft fram hjá sérstöðu kristinnar í íslensku samfélagi. Hann getur þó ekki gert það sem heimilin, kirkjan og trúfélögin geta, þ.e. að sinna

<sup>51</sup> Gunnar Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, „Lífsviðhorf og gildi: Viðhorfakönnun meðal ungs fólks í framhaldsskólum á Íslandi“, *Netla — Vefstímarit um uppeldi og menntun* 2011. Sótt 17. febrúar af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/009.pdf>; Gunnar J. Gunnarsson, „Ungt fólk og trúarbrögð. Rannsókn á lífsviðhorfum og gildismati framhaldsskólanema“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 1/2012, bls. 50–76; Gunnar J. Gunnarsson og Gunnar E. Finnbogason, „Margbreytileiki og samstaða. Niðurstöður úr rannsókn á viðhorfum framhaldsskólanema á tímum margbreytileika“, *Netla — Vefstímarit um uppeldi og menntun* 2012. Sótt 17. febrúar af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/007.pdf>.

<sup>52</sup> Kerstin von Brömsen, *Tolkningar, förhandlingar och tystnader. Elevers tal om religion i det mångkulturella och postkoloniala rummet*, Göteborgs studies in educational sciences 201, Göteborg: Acta Universitatis Gothoburgensis, 2003, bls. 299–349.

<sup>53</sup> Sjá Magnhildur Björk Gísladóttir, „Mamma skilur allt“: *Sýn ungs fólks á hvert best er að leita við erfiðar aðstæður*, Meistaraprófsritgerð í uppeldis og menntunarfræði, Reykjavík: Háskóli Íslands, 2013. Sótt 17. febrúar 2014 af <http://hdl.handle.net/1946/16898>.

trúaruppeldinu þannig að börn og unglingar móti trúarafstöðu sína með ígrunduðum hætti, byggða á reynslu. Fræðsla skólans getur einungis verið þeim stoð að vísa til í þeirri mótun. Rannsóknir benda til að það sé mikilvægt fyrir kirkjuna að hafa í huga að börn og unglingar koma til fundar við hana með ólíkan bakgrunn og reynslu. Ennfremur að það sé mikilvægt að sinna jöfnum höndum öllum þremur hliðum trúarinnar, þ.e. hinni vitsmunalegu, tilfinningalegu og félagslegu. Hættan sé oft sú að áherslan á hið vitsmunalega verði of mikil og því mikilvægt að höfða til manneskjunnar í heild og allra skilningarvita.<sup>54</sup>

## Lokaorð

Miklar breytingar hafa átt sér stað á undanförunum áratugum í trúarbragðafræðslu skólanna. Fyrir 50 árum átti kristindómsfræðslan að vera undirstaða undir trú nemenda og siðgæði, sem fól þá í sér að skólanum var ætlað að vera mótandi í trúar- og siðgæðisuppeldi nemenda. Þetta hefur breyst og í dag felur trúarbragðafræðslan í sér fræðslu um öll helstu trúarbrögð heims. Þar af leiðandi hefur hlutur kristindómsfræðslu minnkað, þótt enn sé tekið tillit til þess í lögum og námskrá að kristnin hefur verið mótandi afl í íslenski menningu og samfélagi. Svo virðist sem þróun trúarbragðafræðslunnar í skólum landsins hafi meðal annars haft áhrif á biblíusöguþekkingu ungs fólks sem leiðir til þess að læsi þeirra á frásagnir Biblíunnar og áhrif hennar á ýmsa þætti menningar og samfélags er takmarkað. Hér kann þó þáttur heimila og kirkju að hafa haft sín áhrif. Miklar breytingar hafa orðið á íslensku samfélagi á undanförunum árum þar sem þróunin hefur verið frá tiltölulega einsleitu samfélagi í trúarefnum yfir í samfélag margbreytileika og fjölhyggju. Svo virðist sem trúarbrögð og trúarleg iðkun sé lítill áhrifaþáttur í lífi meirihluta ungs fólks og spyrja má hvort ein af skýringunum sé minnkandi trúariðkun á heimilum. Hvað sem því líður fela þær breytingar, sem átt hafa sér stað í íslensku samfélagi á undanförunum áratugum, í sér margvíslegar áskoranir fyrir skóla og trúfélög. Skólanum er ætlað að sinna trúarbragðafræðslu þannig að hún stuðli að þekkingu á ólíkum trúarbrögðum og lífsviðhorfum og virðingu fyrir rétti fólks til að aðhyllast ólík trúar- og lífsviðhorf. Ályktanir og skýrslur og fræðileg umræða um trúarbragðafræðsluna í nágrannalöndum leggja áherslu á vandaða fræðslu á þessu sviði þar sem tekið er tillit til trúarlegs margbreytileika. Nýja samfélagsgreinanámskráin er með svipaðar áherslur en í ljósi viðamikilla viðfangsefna samfélagsgreinasviðsins í grunn-skólunum þarf að gæta þess að þessi þáttur verði ekki útundan. Kirkja og trúfélög þurfa líka að horfast í augu við breyttar aðstæður og efla eigið trúaruppeldi og fræðslu. Nú er gjarnan talað um að íslenskt samfélag sé fjölmeningarsamfélag. Það felur meðal annars í sér að börn og unglingar eiga sér í auknum mæli ólíkan bakgrunn þegar kemur að trúar- og lífsviðhorfum og siðum og venjum heimilanna. Nemendur í skólum hér á landi taka með sér viðhorf sín og reynslu í trúarbragðatímana og taka þar þátt í umræðum um ólík trúarviðhorf og lífsskoðanir. Það skiptir máli að börn og unglingar komi inn í það samhengi og samtal með góðan trúarlegan grundvöll, bæði þekkingu og reynslu. Breyttar aðstæður og áherslur í trúarbragðafræðslunni fela einnig í sér áskoranir um frekari rannsóknir á þessu sviði bæði á vettvangi skóla og kirkjustarfs.

<sup>54</sup> Sjá t.d. Erling Birkedal, "Noen ganger tror jeg på Gud, men...."? En undersøkelse av gudstro og erfaring med religiøs praksis i tidlig ungdomsalder, Trondheim: Tapir Akademi Forlag, 2001, bls. 191–218; Paul O. Brunstad, *Ungdom och livstolkning. En studie av unge menneskers tro og fremtidsforventninger*, KIFO Perspektiv nr. 3, Trondheim: Tapir, 1998, bls. 263–267.